

Efnahags- og viðskiptanefnd
Vilhjálmur Egilsson
Þórshamri v/Templarasund

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. október 1999

EFNI: Athugasemdir Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. við frumvarp til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Hér á eftir fara athugasemdir sem FBA telur rétt að gera við drög að frumvarpi til laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 124. löggjafarþingi 1999-2000. Þar sem FBA er hvorki viðskiptabanki né sparisjóður, sem tekur við innstæðum, beinast athugasemdir að þeim hluta frumvarpsins sem varða starfsemi FBA, þ.e. verðbréfadeild Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. FBA telur rétt að gera eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Í 1. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um að sé aðildarfyrirtæki ekki fært um að inna af hendi greiðslu andvirðis verðbréfa eða reiðufjár eigi viðskiptavinur rétt á greiðslu úr verðbréfadeild tryggingarsjóðsins. Í 4. mgr. sömu greinar er hugtakið verðbréf skýrt svo að um sé að ræða verðbréf sem eru í vörslu, umsjón eða umsýslu aðildarfyrirtækis og verðbréfafyrirtæki sé skylt að standa skil á samkvæmt lögum eða samningum. Í 5. mgr. kemur er hugtakið reiðufé síðan skýrt svo að um sé að ræða innborgað reiðufé fjárfestis til aðildarfyrirtækis í tengslum við verðbréfafyrirtæki. Af þessum ákvæðum frumvarpsins og efni tilskipunarinnar (nr. 97/9/EC) sem lögin eru byggð á má sjá að markmiðið er að vernda einstaklinga í samskiptum þeirra við verðbréfafyrirtæki. Í tilskipuninni er gert ráð fyrir því að heimilt sé að útiloka ákveðna fjárfesta frá tryggingarkerfinu eða að trygging þeirra skuli vera lægri. Er þar um að ræða aðila með mikinn fjárhagslegan styrk eins og fagfjárfesta, stofnanafjárfesta svo og opinbera aðila. Þeir aðilar eru mun hæfari til að verja sig fyrir sveiflum á verðbréfamarkaði en einstaklingar sem hafa takmarkaða eða enga þekkingu á fjármálamörkuðum. Er því rétt, miðað við anda og tilgang tilskipunarinnar, að gera greinarmun á rétti slíkra aðila til greiðslna úr tryggingarsjóðnum og einstaklinga. Ekki er hægt að sjá að sérstakar ástæður mæli með því að fagfjárfestar, stofnanafjárfestar og opinberir aðilar séu tryggðir með sama hætti og einstaklingar í eignastýringu og fjárvörslu hjá verðbréfafyrirtækjum. Fagfjárfestar, stofnanafjárfestar og einstaklingar eru líkt og aðrir viðskiptamenn verðbréfafyrirtækja verndaðir að lögbundnum tryggingum verðbréfafyrirtækja skv. 3. gr. laga um verðbréfaviðskipti nr. 13/1996. Slíkt vernd




getur leitt til þess að hlutur einstaklinga í úthlutun úr sjóðnum verði skertur þar sem stórir hlutir kæmu til greiðslu til fagfjárfesta og stofnlánafjárfesta. Sé ástæða til að veita fagfjárfestum, stofnanafjárfestum eða opinberum aðilum aukna vernd er eðlilegra að slíkt sé gert með hækkun fjárhæðar og breytingum á lágmarksskilmálum lögbundinnar tryggingar.

- 2) Í 7. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um með hvaða hætti gjald aðildarfyrirtækja í verðbréfadeild sjóðsins er ákvarðað. Kemur þar fram að gjald skuli miðast við hlut aðildarfyrirtækis í samanlögðum fjölda stöðugilda í aðildarfyrirtækjum í tengslum við viðskipti með verðbréf og hlut þess í samanlögðum fjölda viðskiptareikninga hjá aðildarfyrirtækjum. Ekki hægt að fallast á að greiðslur aðildarfyrirtækja í verðbréfadeild skuli taka mið af fjölda starfsmanna sem starfa við verðbréfavíðskipti. Ljóst er að þrátt fyrir að fyrirtæki hafi fjölda starfsmanna sem sinna viðskiptamönnum geti málum verið svo hátt að þeir hafi einungis lítinn hluta af þeim innstæðum sem lögin taka til. Það er ekki tilgangur laganna að koma á eftirliti með starfsmönnum verðbréfafyrirtækja heldur að vernda viðskiptamenn fyrirtækisins í samskiptum þeirra við það. Mælikvarðinn verði þannig alfarið að snúa að viðskiptamönnum fyrirtækisins og fjármunum þeirra en getur ekki tekið mið af því hvornig starfsmannamálum einstakra fyrirtækja er hátt. Eðlilegt er því að taka einungis mið af fjölda viðskiptareikninga sé erfiðleikum bundið að taka mið af tryggðum innstæðum, eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu, sem væri eðlilegasti mælikvarðinn.

FBA er ljóst að skylt er skv. EES-samningnum að setja í lög ríkari vernd fyrir einstaklinga á verðbréfamarkaði. Á hinn bóginn er mjög óeðlilegt að aðrir greiði fyrir þá vernd en þeir sem viðskiptin stunda og hafa ávinning af þeim.

f.h. Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf.



Tómas Sigurðsson/hdl.